

Reykjavík, 13. ágúst 2015

Niðurstaða athugunar á aðskilnaði starfssviða hjá Virðingu hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á aðskilnaði starfssviða hjá Virðingu hf. á fyrri hluta árs 2015. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort aðskilnaður starfssviða hjá félaginu væri í samræmi við kröfur 8. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og 4. þáttar reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sem Fjármálaeftirlitið hefur útfært nánar í leiðbeinandi tilmælum nr. 4/2014 um aðskilnað starfssviða. Athuginin beindist að aðskilnaði starfssviða í húsnæði félagsins, aðskilnaði í stjórnun og aðskilnaði gagna. Að auki voru reglur, stefnur og önnur skjöl félagsins þessu tengd skoðuð. Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í júní 2015.

Fjármálaeftirlitið gerði þá athugasemd að reglur félagsins um aðskilnað starfssviða væru ófullnægjandi og að reglur og stefnur félagsins hefðu borist eftirlitinu ódagsettar og óundirritaðar.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að starfssvæði væri ólæst sem samkvæmt kröfum um aðskilnað starfssviða átti að vera læst.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að Virðing hf. gerði viðeigandi úrbætur vegna athugasemdanna. Óskað var eftir því að innri endurskoðandi framkvæmdi úttekt á úrbótunum og skilaði Fjármálaeftirlitinu greinargerð fyrir 15. október 2015.